

Ed.

295. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 7, 14. júní 1929, um tannlækningar.

Flutningsm.: Jón Jónsson.

4. gr. laganna orðist svo:

Öllum öðrum en tannlæknum eða þeim, sem tannlækningaleyfi hafa, er óheimilt að setja gervitennur og tanngarða í menn. Þetta nær ekki til lækna, ef þeir sanna fyrir heilbrigðisstjórninni, að þeir hafi aflað sér nægilegrar þekkingar í þessari grein. Heimilt er og dómsmálaráðherra með samþykki landlæknis að veita mönnum, er lokið hafa tannsmiðanámi, leyfi til að setja gervitennur og tanngarða í menn í samráði við héraðslækni í þeim héraðum, sem eru tannlæknislaus.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, fara tannsjúkdómar árlega í vöxt hjá þjóðinni. Þörfin á tannsmiðum vex að sama skapi. Aftur eru tannlæknar ekki nema í 3 stærstu bæjunum. Er það því augljóst, að aðstaðan fyrir menn, sem búa fjarvistum frá þeim bæjum, er erfið um að fá gervitennur, þar sem öllum öðrum en tannlæknum er með 4. gr. laga nr. 7, 14. júní 1929, bannað að setja gervitennur í menn.

Er frv. þessu ætlað að ráða bót á slíkum vandkvæðum, enda er mér kunnugt, að erlendis er alltítt að veita lærðum tannsmiðum, þó ekki hafi lokið tannlækningaprófi, leyfi til tannsmíða, og þar sem leyfi til slíkra starfa er í frv. bundið við samþykki landlæknis, virðist ekki áhorfsmál að heimila slíkt leyfi.